

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla þriðjudaginn 24. maí 2004 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Adolf H. Berndsen varamaður Gunnars Þórs Gunnarssonar, Helga Bergsdóttir ritari, Kristján Steinar Kristjánsson, Þórarinn Grétarsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Dagný Rósa Úlfarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldrafélags, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá fundarins.

1. Kennararáðningar f. næsta skólaár
2. Kennslukvóti f. næsta skólaár
3. Skóladagatal 2004-2004
4. Önnur mál

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum. Tillaga um að byrja á því að ræða kennslukvóta í stað kennararáðningar var samþykkt.

1. Tillaga um 336 stundir fyrir bekkina, 40 stundir vegna sérkennslu, 3 stundir valgreinar og aðstoð við heimanám 6 stundir. Þetta er minnkun um 14 kest. miðað við yfirstandandi skólaár eða ½ kennarastöðu. Nemendum hefur fækkað, samkennsla hefur aukist, skiptitímum fækkað en á móti er ósk um heimanámsaðstoð næsta vetur. Þá er óskað eftir því að ráðið verði í bókasafnsstarf – skólabókasafn 20% starf, tölvuumsjón 30% starf og deildarstjórn við sérkennslu 33% starf. Skólanefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leiti.
2. Ein umsókn hefur borist frá síðasta fundi. Skólanefnd gerir tillögu um að ráða; Ernu Berglindi Hreinsdóttur í 70% starf, Svandísi Hannesdóttur í 80% starf, Guðrúnu Elsu Helgadóttur í 80% starf og Hjördísi Báru Þorvaldsdóttur í 100% starf. Erna, Svandís og Guðrún Elsa eru í fjarnámi frá KHI. Tillaga um að fresta ráðningum þriggja umsækjanda og kalla einn þeirra inn til viðtals en hafna öðrum umsóknum. Lagt er til að staða deildarstjóra sérkennslu verði auglýst um næstu helgi. Skólanefnd samþykkir þessar tillögur fyrir sitt leiti.
3. Tillaga skólastjóra um skóladagatal fyrir árið 2004-2005 var lögð fram. Smávægilegar breytingar frá síðustu drögum, vetrarfrí verði í byrjun febrúar og árhátíð í lok febrúar. Tillagan var samþykkt.
4. Skólastjóri upplýsir um samþykkt hreppsnefndar um námsstyrki vegna leik- og grunnskólakennara náms, nánari upplýsingar er að finna á heimasíður Höfðahrepps.

Fundargerð var skráð í tölvu, lesin upp og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum í lok fundarins. Fundi slitið kl. 18:00

2004-05-24-12

Skólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Adolf H. Berndsen

(Sign)

Helga Bergsdóttir

(Sign)

Ingibergur Guðmundsson

(Sign)

Guðbjörg Ólafsdóttir

(Sign)

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

(Sign)

Kristján Steinar Kristjánsson

(Sign)

Pórarinn Grétarsson

(Sign)

Björk Hlöðversdóttir

(Sign)